

Viðtakandi:

Íbúaráð Vesturbæjar

Sendandi

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umhverfis- og
skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 ReykjavíkÞjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111

Efni

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur nr. 276 sem haldin var þann 28. júní síðastliðin var samþykkt tillaga frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um stækkun akstursbannsvæðis í miðborginni.

Stækkun akstursbannsvæðis

Árið 2015 var lagt á bann við akstri ökutækja lengri en 8 metra á svæði innan miðborgarinnar. Árið 2017 var svo nýtt fyrirkomulag tekið upp, þar sem hópþbifreiðum var einnig gert óheimilt að aka innan bannsvæðisins og útvegaði borgin þess í stað stæði sem ætluð voru hópþbifreiðum til að ná í og skila af sér farþegum, safnstæði hópþbifreiða. Þetta kerfi hefur reynst ágætlega, en hafa stæðin tekið einhverjum breytingum.

Gististöðum hefur fjölgað í vestari hluta miðborgarinnar og í gamla vesturbænum á síðustu árum og sem viðbragð við því, m.a. að ósk akstursaðila, var útbúið safnstæði á Mýrargötu við Vesturbugt. Á sama tíma hafa íbúar svæðisins kallað eftir því að akstursbannsvæðið verði stækkað til vesturs. Götur gamla vesturbæjarins eru ekki ósvipaðar götum miðborgarinnar, þ.e. mjóar götur með þröngum gatnamótum. Þessari tillögu er ætlað að koma til móts við þær óskir.

Tillagan sem nú hefur verið samþykkt kveður á um að akstursbannsvæði hópþbifreiða verði útvíkkað til að ná um allar götur innan svæðis sem afmarkast af Hringbraut, Suðurgötu, Vonarstræti, Lækjargötu, Kalkofnsvegi, Geirsgötu, Mýrargötu og Ánanaustum; að undanskildum Hofsvallagötu, Túngötu austan Hrannarsstígs, Ægisgötu, Suðurgötu og Vonarstræti. Tillagan verði borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Með kærri kveðju,

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar
Grétar Mar Hreggviðsson
Ráðgjafaverkfræðingur

Hjálagt: Teikning sem sýnir afmörkuð núverandi svæði (hvít), ásamt nýjum svæðum sem nú bætast við (rauð), þar sem óheimilt er að aka hópþifreiðum og öðrum ökutækjum lengri en 8 metra.

